

Efnisyfirlit Náttúrufræðingsins á netinu

Nú hyllir undir að félagsmenn jafnt sem aðrir fá aðgang á netinu að yfirliti á öllum greinum í Náttúrufræðingnum sem gefnar hafa verið út frá upphafi. Þetta mál hefur verið hugleikið núverandi stjórn og um verkið hefur séð Droplaug Ólafsdóttir meðstjórnandi í HÍN.

Útgáfa á Náttúrufræðingnum hófst árið 1931 og fram til ársins 2004 hafa komið út 72 árgangar. Efnisyfirlitið mun til að byrja með taka til fyrstu 72 árganga tímaritisins. Að því er svo stefnt að bæta við efnisyfirlitið í lok hvers árs sérhverjum nýjum árgangi tímaritsins.

Líta má á efnisyfirlit Náttúrufræðingsins sem upplýsingaveitu og með góðu aðgengi á veraldarvefnum opnast á vissan hátt flóðgáttir í náttúrufræðum landsmanna. Þá gefst netverjum í fyrsta sinn tækifæri á að nálgast á auðveldan hátt heildstætt yfirlit yfir tæplega 5600 greinar og pistla um hin aðskiljanlegustu málefni náttúrufræðinnar sem rituð hafa verið í Náttúrufræðingnum fram til þessa.

Í efnisyfirliti Náttúrufræðingsins verða upplýsingar um fyrsta höfund greinar, heiti greinar, blaðsíðutal, númer árgangs og heftis og útgáfuár. Til að byrja með verður viðmótið einfalt, þ.e. excelskjál þar sem leita má að einstökum höfundum eða efnisflokkum í leitarham excelforitsins. Þegar fram líða stundir er stefnt að því að bæta viðmótið og koma fyrir leitarvél þar sem kalla má fram greinar og höfunda með notkun lykilorða.

Aðgangur að efnisyfirliti Náttúrufræðingsins verður á heimasíðu HÍN, www.hin.is. Vænta má að efnisyfirlitið verði tilbúið áður en sumar gengur í garð.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. Félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



1. tölublað

Febrúar 2005

30. árgangur

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi laugardaginn 26. febrúar 2005 kl. 14:00 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofnu Kópavogs í Safnahúsinu, Hamraborg 6 A, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2004.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2004.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2004.
5. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
6. Tillögur til ályktunar.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Kaffiveitingar verða í boði.

Útsala á Náttúrufræðingnum!

Hið íslenska náttúrufræðifélag á nokkrar umframbirgðir af flestum heftum Náttúrufræðingsins frá og með 41. árgangi (útgáfuárinu 1971). Þessar birgðir safna nú ryki og taka dýrmætt rými í geymsluhúsnæði.

Stjórn HÍN hefur ákveðið að ráðast í sérstakt söluáttak til að koma sem mestu af tímaritinu út á markað og til almennings, þar sem tímaritið á heima. Í því skyni verður haldin tveggja vikna sölumessa á Náttúrufræðingnum í Safnahúsinu, húsakynnum Náttúrufræðistofu Kópavogs að Hamraborg 6 A í Kópavogi. Þar mun tímaritið liggja frammi til sölu á mjög vægu verði – 50 kr. fyrir hvert hefti, eða 200 kr. fyrir hvern árgang (fjögur hefti). Enn meiri afsláttur verður veittur kaupi viðkomandi marga árganga.

Sölumessan hefst laugardaginn 26. febrúar, sama dag og aðlfundinn ber upp á, og stendur fram til mánudags 14. mars.

Auk Náttúrufræðingsins verða til sölu bækurnar *Surtsey, lífríki í mótun* eftir Sturlu Friðriksson (kr. 1500) og *Náttúra Mývatns* í ritstjórn Arnþórs Garðarssonar og Árna Einarssonar (kr. 2000) sem HÍN gaf út á sínum tíma.

Félagsmenn HÍN eru hvattir til að nýta sér þetta kostaboð og kynna það fyrir öðrum. Nú er tækifærið til að næla sér í eintök af gömlum Náttúrufræðingnum.

Enda þótt umframbirgðir séu til nokkrar á Náttúrufræðingnum frá og með 41. árgangi þá skal minnt á að tímaritið er töluvert vinsælt. Mjög erfitt er orðið að ná í hefti úr fyrstu 40 árgöngunum og sum heftin eru ófánleg með öllu.

Netföng félagsmanna

Enn vantar okkur netföng frá félagsmönnum. Stjórnin hvetur félagamenn sem hafa netföng til að senda þau á dreifing@hin.is eða hin@hin.is þar sem tilkynningar um fræðsluerindin eru sendar út á netinu.

Næstu fræðsluerindi HÍN

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 28. febrúar** kl. 17:15 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans, í stofu 132. Þá mun dr. **Sigurður R. Gíslason** jarðefnafræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands halda erindi sem hann nefnir; *Veðrun Íslands*.

Þarnaesta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 28. mars** en þá mun dr. **Guðrún Gísladóttir** landfræðingur og dósent við Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands halda erindi sem hún nefnir; *Áhrif ferðamanna á vistkerfi í Skaftafelli, Landmannalaugum og á Lónsöræfum*.

Minnt er á að fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar að desember undanskildum á tímabilinu september-maí. Einnig er minnt á nýjan fundartíma og fundarstað, **þ.e. kl. 17:15 í Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans í Vatnsmýrinni**.

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í dagbók RÚV.

Heimasíða HÍN: www.hin.is

Eins og greint hefur verið frá í fyrri félagsbréfum hefur uppsetning á heimasíðu HÍN staðið yfir, samanber slóðina <http://www.hin.is>

Heimasíðan er í mótun og er stefnt að því að félagsmenn geti sótt þangað ýmsar upplýsingar um starfsemi félagsins, s.s. um fræðslufundi, fræðsluferðir fundargerðir, málefni Náttúrufræðingsins, auk margvíslegs annars fróðleiks um náttúru og umhverfismál.

Stjórn HÍN væri fengur af því að fá ábendingar frá félagsmönnum um hvaðeina sem lýtur að gerð heimasíðunnar. Ekki væri verra að njóta aðstoðar frá tölvu- og heimasíðureyndum félagsmanni við uppsetningu heimasíðunnar. Ábendingar til stjórnar er hægt að senda á netföngin stjorn@hin.is og hin@hin.is